

AUGLÝSING um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag fólkvangs í Böttisstaðafjalli.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 23. febrúar 2021 deiliskipulag fyrir fólkvanginn í Böttisstaðafjalli. Skipulagssvæðið er 306 ha að stærð og fylgir mörkum fólkvangsins eins og þeim er lýst í auglýsingu um fólkvang í Böttisstaðafjalli nr. 265/2011.

Málsmeðferð var í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Birkiflatar í Skíðadal.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 23. febrúar 2021 deiliskipulag fyrir frístundabyggð að Birkiflöt í Skíðadal. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 lóðum fyrir frístundahús á um 6,8 ha svæði. Málsmeðferð var í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Dalvíkurbyggð, 20. maí 2021.

Helga Íris Ingólfssdóttir, skipulags- og tæknifulltrúi.